

dæmast dauð og ómerk. Það þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýjanda um, að undirdómarinn sæti sektum fyrir meðferð máls þessa. Að vísu hefir uppkvaðning dómsins í héraði dregist nokkuð lengi, en þann drátt virðist dómarinn hafa réttlætt.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Björn Bjarnarson á að greiða 50 króna sekt til landssjóðs, en greiði hann ekki alla sektina innan ákveðins tíma, á hann að sæta einföldu fangelsi í 15 daga. Hin framangreindu orð og ummæli í umræddri yfirlýsing, er prentuð er aftan við greinina: »Svar til herra biskups Hallgríms Sveinssonar«, að undanskildum orðunum: »Til sóknarnefndar — haldinn jafnlengi« og »þá er ekkert — mikið fé« eiga að vera dauð og ómerk. Stefndi greiði allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað með 30 krónum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna eftir lögbirting hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 20. nóvembermánaðar.

Nr. 54/1898:

Magnús S. Árnason

gegn

Águst Benediktssyni.

Dómur:

Mál þetta höfðaði í héraði kaupmaður M. S.

Árnason á Ísafirði gegn verzlunarstjóra Ágúst Benediktssyni sama staðar til þess að fá hann dæmdan til að greiða 30 krónur sem andvirði eða skadabætur fyrir hvítasykurkassa, sem fluttist til Ísafjarðar til verzlunar áfrýjanda með pósthafskipinu »Laura« 8. okt. 1897, en fór í sjóinn við uppskipun þar á staðnum, og skemdist eða ónýttist. Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar í málinu, uppkveðnum 15. ágústmánaðar f. á., var Ágúst Benediktsson sýknaður fyrir kröfum M. S. Árnasonar í málinu, og var hinn síðarnefndi skyldaður til að greiða hinum fyrnefnda 15 krónur sem málskostnað. Dómi þessum hefir Magnús S. Árnason skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. jan. þ. á., og hefir hann krafist þess, að stefndi verði skyldaður til að borga sér andvirði sykurkassans 30 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, eða að öðrum kosti láta af hendi til sín 100 pd. af sykri (hvítasykri) in natura, og til þess að auki að greiða allan málskostnað fyrir báðum réttum, þar með talið 20 kr. sem kaup til málsfærslumanns hans fyrir yfirrétti. Stefndi hefir af sinni hálfu krafist þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða 40 krónur sem málskostnað eða eitthvað nægilegt eftir mati réttarins.

Þegar pósthafskipið »Laura« kom til Ísafjarðar 8. okt. 1897, hafði það nokkrar vörur meðferðis til áfrýjanda, þar á meðal hvítasykurkassa, sem í voru 100 pd. af hvítasykri. Þessum hvítasykurkassa var ásamt öðrum vörum skipað í land

úr póstskipinu á uppskipunarskipi hins stefnda, og atvikaðist það þá svo, að kassinn fór í sjóinn í lendingunni og spiltist sykurinn að mestu eða öllu leyti. Áfrýjandi áltur nú, að stefndi eigi að bera ábyrgð á þessum skaða, með því að hann á undan hafi tekið að sér að flytja vörur áfrýjanda í land fyrir ákveðna borgun, og jafnframt fyrir það, að hann sem umboðsmaður gufuskipafélagsins hafi haft ábyrgð á vörunum, þar til þær væru komnar á land. Það er þó hvorugt sannað, hvorki að stefndi hafi fyrirfram með samningi tekið að sér, að flytja vörur áfrýjanda í land úr póstgufuskipunum, né heldur að umboðsmanni gufuskipafélagsins sé skylt að annast um landflutninginn. Venjan virðist vera sú, að kaupmenn þeir, sem hafa uppskipunarbatá, flytja í land eigi að eins sínar eigin vörur, heldur og hverjar aðrar þær vörur, sem látnar eru ofan í bátana úr gufuskipunum, og gufuskipafélagið ábyrgist eigi vörurnar, eftir að þær eru komnar niður í bátana, en þær eru að svo komnu í ábyrgð viðtakenda. Þar sem nú áfrýjandi eigi lét veita vörunum móttöku við skipshlið og annaðist ekki sjálfur um landflutning á þeim, voru þær fluttar í land á bátum hins stefnda, án þess að hann (s: stefndi) tæki sérstaka ábyrgð á þeim, eða honum væri skylt að fara varfærnislegar með þær en sínar eigin vörur. Það er ekkert komið fram í málinu, er sanni, að stefndi hafi tekið að sér eða bakað sér slíka frekari ábyrgð, að því er vörur þessar snertir, og

sérstaklega verður það eigi talið sönnun gegn stefnda í þessu efni, að hann í reikningum verzlunar sinnar hefir talið áfrýjanda til skuldar með einni (ósundurliðaðri) upphæð kostnaðinn við uppskipun á vörum hans. Með því að það nú enn fremur eigi er sannað, að það hafi verið hirðuleysi eða vítaverðu gáningsleysi flutningsmanna að kenna, að sykurkassinn fór í sjóinn, verður að álitá, að það hafi verið óhapp, sem eigi verður talið stefnda til ábyrgðar, og fyrir því verður að fallast á það, að aukaréttardómurinn hefir sýknað stefnda. Með því að yfirrétturinn og felst á ákvæði dómsins um málskostnað, verður að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákvedst 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi Magnús S. Árnason greiði stefnda Ágúst Benediktssyni 20 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Sakarkostnaðurinn greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.